

Föstudaginn 27. nóvember 1942.

Nr. 02/1942. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Theódór Gíslasyni,

Snæbirni Stefánssyni

og

Stefáni Jóhannssyni (Jón Ásbjörnsson).

Sýknað af kærui fyrir brot gegn lögum nr. 48/1933.

Dómur hæstaréttar.

Skip þau, er hinir kærðu leiðbeindu, voru í þjónustu og á valdi brezku herstjórnarinnar. Verður eigi talið, að réttur leiðsögumanna samkvæmt lögum nr. 48/1933 taki til slíkra skipa, og hinir kærðu hafa því eigi gerzt brotlegir við þau með leiðsögu sinni. Samkvæmt þessu verður að sýkna kærðu af kærum valdstjórnarinnar og skaðabótakröfum í máli þessu og leggja allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra talsmanna kærðu í héraði, 100 kr. hvorum, og málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 300 kr. til hvors.

Samband var ekkert milli athafna þeirra, sem hinum kærðu var gefin sök á í máli þessu, og átti því eigi að steypa sökunum saman.

Því dæmist rétt vera:

Hinir kærðu, Theódór Gíslason, Snæbjörn Stefánsson og Stefán Jóhannsson, eiga að vera sýknir af kærum og kröfum valdstjórnarinnar og skaðabótakröfum í máli þessu. Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðra verjanda hinna kærðu í héraði, hæstaréttarlögmanna Jóns Ásbjörnssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 100 kr. hvorum, og málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir

hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Garðars Þorsteinsonar og Jóns Ásbjörnssonar, 300 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. marz 1942.

Ár 1942, þriðjudaginn 10. marz, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Valdimar Stefánssyni, upp kveðinn dómur í málinu nr. 452—454/1942: Valdstjórnin gegn Theódór Gíslasyni, Snæbirni Stefánssyni og Stefáni Jóhannssyni, sem tekið var til dóms 24. febrúar sama ár.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Theódór Gíslasyni stýrimanni, Blómvallagötu 11, Snæbirni Stefánssyni skipstjóra, Grettisgötu 66 og Stefáni Jóhannssyni skipstjóra, Njálsgötu 102, fyrir brot gegn lögum nr. 48 19. júní 1933 um leiðsögu skipa.

Kærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna, og hafa Theódór og Stefán hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé, en Snæbjörn hefur í lögreglurétti Reykjavíkur hinn 13. september 1923 undirgengizt að greiða kr. 20.00 í sekt og kr. 5.00 í skaðabætur vegna óspekta. Að öðru leyti hefur hann ekki, svo að kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Hinn 15. júní 1934 var Ernst Berndsen, hafnsögumaður á Skagaströnd, skipaður leiðsögumaður skipa á leiðsögusvæðinu frá Skagatá að Hornbjargi, þ. e. a. s. á Húnaflóa. Þessi skipun var endurnýjuð 15. nóvember 1939 til 15. júní 1944. Með bréfum, öðru dagsettu 4. nóvember 1940, og hinu ódagsettu, kærði hann yfir því, að menn hefðu gengið á rétt sinn sem leiðsögumanns með því að leiðbeina skipum á sínu leiðsögusvæði, og krafðist að fá skaða sinn af þessu bættan að fullu. Með bréfi, dags. 13. desember 1940, fyrirskipaði dómismálaráðuneytið aðgerðir í máli þessu, og hinn 29. janúar 1941 hófst réttarrannsókn í málinu. Við rannsóknina sönnuðust með skýrslum kærðu þeir málavextir, er nú verða raktir.

Kærði Theódór Gíslason tók að sér haustið 1940 fyrir hina brezku Sea Transport Office hér í bænum að sigla sem leiðsögumaður norður um land með norska flutningaskipinu e/s Bestum. Lagt var af stað úr Reykjavík 9. október og siglt norður fyrir land og inn Húnaflóa. Farið var til Hrútafjarðar og vörum skipað á land við Reykjaskóla og samband haft við land á Borðeyri. Síðan var farið til Blönduóss, og eftir eins dags dvöl þar fór kærði af skipinu. Hafði hann þá verið á því í 13 daga, þar af sex daga á Hrútafirði og einn dag á Blönduósi. Kaup kærða var 25 shillings á dag og fritt fæði. Þegar kærði fór þessa ferð, vissi hann, að leiðsögumaður skipa hafði verið skipaður í Húnaflóaumdæmi, en jafnframt kveður hann sér hafa verið kunnugt, að skip voru eigi

skyld til að hafa leiðsögumann á Húnaflóa. Eftir þessa ferð bauðst kærða að fara aðra slíka ferð til Húnaflóa, en hann tók það ekki að sér vegna þess, að hann vissi þá, að leiðsögumaðurinn á Skagaströnd hafði kært yfir nefndri ferð kærða.

Haustið 1940 veitti kærði Snæbjörn Stefánsson hollenzka flutningaskipinu Zaanstrom, sem var í þjónustu brezka setuliðsins hér, leiðsögu héðan úr Reykjavík norður um land, þar á meðal inn á Húnaflóa, þar sem vörum var skipað á land bæði á Blönduósi og við Hrútafjörð, og var skipið 3—4 daga á Húnaflóa. Þaðan var farið til Akureyrar. Það var hin brezka Sea Transport Office, sem réð kærða til ferðar þessarar, og var kaup hans í ferðinni 26 shillings á dag og frítt fæði. Þegar kærði fór þessa ferð, var honum kunnugt um, að Ernst Berndsen væri löggiltur leiðsögumaður skipa á Húnaflóa.

Haustið 1940 veitti kærði Stefán Jóhannsson flutningaskipinu Alouette leiðsögu héðan úr Reykjavík norður um land til Blönduóss, Reykjaskóla í Hrútafirði og Akureyrar, og var skipið að flytja vistir og hergögn til brezka setuliðsins á þessum stöðum. Minnir kærða, að förin væri farin í október. Hann var ráðinn leiðsögumaður skipsins þessa ferð af hinni brezku Sea Transport Office hér í bænum, og voru laun hans 23 shillings á dag og frítt fæði. Telur hann skipið hafa verið á Húnaflóa í 2—3 daga.

Með því að veita skipum þessum leiðsögu á leigsögusvæði leiðsögumannsins í Húnaflóaumdæmi hafa kærðu að álitni réttarins brotið 6. gr. laga nr. 48 19. júní 1933 um leiðsögu skipa, og þykir refsing þeirra hvers um sig samkvæmt 27. gr. sömu laga hæfilega ákveðin kr. 100.00, og komi 7 daga varðhald í stað sektanna, verði þær ekki greiddar innan 4 vikna frá uppsögn dóms þessa.

Leiðsögumaðurinn í Húnaflóaumdæmi hefur krafizt þess, að kærðu verði dæmdir til að greiða sér bætur fyrir skaða þann, sem hann varð fyrir við, að ekki var leitað til hans um leiðsögu skipanna. Er krafa hans á hendur kærða Theódór Gíslasyni kr. 291.87 samkvæmt sundurliðuðum reikningi, á hendur kærða Snæbirni Stefánssyni kr. 350.00 og á hendur kærða Stefáni Jóhannssyni kr. 300.00. Þar sem sú niðurstaða er fengin, að kærðu hafi á refsiverðan hátt farið inn á verksvið leiðsögumannsins, verður rétturinn að líta svo á, að skylda beri kærðu til að greiða leiðsögumanninum í skaðabætur þá fjárupphæð, er hann hefði fengið fyrir leiðsögu skipanna, ef hann hefði veitt þeim leiðsögu sömu vegalengdir og kærðu. Ber að reikna gjald þetta samkvæmt gjaldskrá nr. 12 12. janúar 1934, en í skjölum málsins er upplýst um djúpristu og brúttó-stærð skipanna og vegalengdina, sem hér skiptir máli.

Verður niðurstaðan sú, að taka ber til greina kröfuna á hendur kærða Theódór Gíslasyni, þar sem hún fer ekki fram úr gjaldinu

samkvæmt gjaldskránni. Aftur á móti fara kröfurnar á hendur hinum, eftir því sem næst verður komizt, fram úr gjaldinu samkvæmt gjaldskránni, en rétt þykir að dæma kærða Snæbjörn Stefánsson til greiðslu kr. 325.00 og kærða Stefán Jóhannsson til greiðslu kr. 74.00. Fara þær upphæðir ekki fram úr því, sem vissa er fyrir, að rétt sé.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma kærða Theódór til að greiða skipuðum verjanda sínum, hrm. Sveinbirni Jónssyni, kr. 50.00 í málsvarnarlaun, og kærðu Snæbjörn og Stefán til að greiða in solidum málsvarnarlaun verjanda síns, hrm. Jóns Ásbjörnssonar, kr. 80.00.

Allan annan málskostnað skulu kærðu greiða in solidum.

Dráttur sá, er orðinn er í máli þessu, er nægilega réttlættur í prófunum.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærðu, Theódór Gíslason, Snæbjörn Stefánsson og Stefán Jóhannsson, sæti hver 100 króna sekt til rikissjóðs, og komi 7 daga varðhald í stað hvernar sektar, verði þær ekki greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa greiði kærðu Ernst Berndsen, hafnsögumanni á Skagaströnd, skaðabætur, svo sem hér segir:

Kærði Theódór	kr. 291.87
Kærði Snæbjörn	— 325.00
Kærði Stefán	— 74.00

Kærði Theódór greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Sveinbjarnar Jónssonar, kr. 50.00. Kærðu Snæbjörn og Stefán greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrm. Jóns Ásbjörnssonar, kr. 80.00.

Annar málskostnað greiði hinir kærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.